



# Kynningarfundur um kerfisbundinn frágang

## HÓTEL NORDICA

Föstudaginn 20. október kl 10:00 – 11:30

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE) boðar til kynningarfundar um aðferðarfræði kerfisbundins frágangs. Verktakar, hönnuðir og framkvæmdaraðilar hins opinbera eru sérstaklega boðin velkomin á fundinn. FSRE stefnir á innleiðingu kerfisbundins frágangs í verkefnum sínum.

Í mörgum byggingarverkefnum skilar virkni tæknilegra kerfa sér ekki til eigenda eða notenda byggingar. Kerfin virka því ekki eins og til er ætlast þegar byggingin er afhent. Byggingar eru í dag útbúnar fleiri tæknikerfum en áður sem gerir hönnun, framkvæmd, afhendingu og notkun flóknari.

**Aðferðarfræði kerfisbundins frágangs** (systematisk ferdigstillelse) hefur verið innleidd í Noregi til að minnka áhættuna á göllum og misræmi í verkefnum. Í því felst að fylgja ákveðnum kerfisbundnum ferlum í hönnun, framkvæmd, við afhendingu og á reynslutíma, þar til ábyrgðartíma lýkur. Þannig á bygging að uppfylla allar virknikröfur og tæknikerfi að virka samkvæmt lýsingu, bæði kerfin hvert fyrir sig og kerfin í sameiningu.

Mikilvægt er að allir þátttakendur í verkefnum tileinki sér aðferðafræðina til að stuðla að auknum áreiðanleika og skilvirkni við samþættingu, hönnun og framkvæmd kerfa í byggingum.

### Dagskrá

1. Forstjóri FSRE – 5-10 mín Óskar Jósefsson, forstjóri FSRE 5-10 mín
2. Vandamálin sem Kristján Haukur Flosason hjá Iðnaðartækni stendur frammi fyrir 10 mín
3. Kerfisbundinn frágangur – Gunnlaugur Trausti Vignisson, HENT Noregi 20 mín
4. Kaffihlé 10-15 mín
5. Dæmi um KF í Noregi – Gunnlaugur Trausti Vignisson, HENT Noregi 20 mín
6. Umræður 15 mín +

Allir verktakar, hönnuðir og framkvæmdaraðilar hjá hinu opinbera eru hvattir til að mæta á fundinn, en einnig verður hægt að taka þátt í gegnum fjarfund.

[Skráðu þig hér](#)